

REGLUGERÐ um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrunni.

1. gr.

Frá og með 15. september til og með 30. apríl eru allar veiðar bannaðar á svæði á Látragrunni sem markast af línunum sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

1. 65°03'00 N - 26°35'00 V
2. 65°17'00 N - 26°35'00 V
3. 65°17'00 N - 25°50'00 V
4. 65°11'00 N - 25°42'00 V
5. 65°03'00 N - 25°50'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 805/2006, um friðun steinbíts á hrygningartíma á Látragrunni.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 7. október 2010.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Jóhann Guðmundsson.